

## ÁHERSLUVERKEFNI SSNE 2020

Heiti verkefnisins	Risakusa og dýrin í Eyjafjarðarsveit
Markmið	Að efla vitund hins almenna Íslendinga og ferðamanna á norðurlandi á ferðaþjónustu í Eyjafjarðarsveit sem og á íslenskri matvælaframleiðslu í Eyjafirði með því að hanna og smíða risa útilistaverk sem trekkir að fólk í fjörðinn.
Stutt verkefnalýsing (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlanir séu gerðar fyrir öll verkefni)	Verkefnið felur í sér að láta hanna og smíða stóreflis járnskúlpúr af kú og reisa hann á góðum stað í sveitarfélaginu. Eyjafjarðarsveit er eitt mesta mjólkurframleiðsluherað landsins og því varð kýrin fyrir valinu sem einkennistákn. Beate Stormo, margfaldur Íslands- og Norðurlandameistari í eldsmíði hefur tekið að sér að hanna og smíða listaverkið. Kýrin verður 2-4 metra há og smíðuð úr gömlum heivinnuvélum og öðru heppilegu efni sem til fellur í landbúnaði. Markmiðið er að kusan verði sterkt aðdráttarafl fyrir ferðamann og allir þurfi að eignast mynd af henni. Þetta hefur mikla þýðingu fyrir alla ferðaþjónustu og matvælaframleiðendur á svæðinu sem munu skemmta, fræða og næra gestina. Til að skúlpúrin fái breiðari skýrskotun ætla framleiðendur og ferðaþjónustuaðilar í sveitarfélaginu margir hverjir að vera þátttakendur í verkefninu og útbúa minni skúlpúr hjá sinni heimreið; kálfur hjá Kaffi Kú, lamb hjá Lamb-Inn, folald hjá Brúnir-Horse osfrv. Þetta mun vekja eftirtekt og efla samvinnu og skapa góða stemmingu í Eyjafjarðarsveit.
Framkvæmdaaðili	Ferðamálafélag Eyjafjarðarsveitar
Samstarfsaðilar	Sveitarfélagið Eyjafjarðarsveit og Beate Stormo
Tengsl við sóknaráætlun	Í atvinnu og nýsköpun erum við að fjölga skapandi störfum  Í menningu erum við að tengja menningu og ferðaþjónustu  Í umhverfismálum erum við að draga úr sóun og auka endurnýtingu
Tengsl við heims- markmið Sameinuðu þjóðanna	8.9 ...stuðla að sjálfbærri ferðaþjónustu sem skapar störf og leggur áherslu á staðbundna menningu og framleiðsluvörur.  9.2 Stuðlað verði að sjálfbærri iðnþróun fyrir alla  12.5 Eigi síðar en árið 2030 hafi forvarnir, minni úrgangur, aukin endurvinnsla og endurnýting dregið verulega úr sóun.
Árangursmælikvarðar	Fylgst verður með því hvort fólk póstar myndum af kusu á samfélagsmiðla og nýti # merki kusunnar. Þá er hægt að nýta við umferðartölur frá Vegagerðinni. Einnig má leggja mat á það hvort aðsókn á svæðið aukist með tilkomu kusunnar með því að rýna í heimsóknartölur til ferðaþjónustuaðila á svæðinu.

## Sóknaráætlanir landshluta - áhersluverkefni

Lokafurð (hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	Fyrir utan aukna samstöðu og samvinnu heimamanna verður lokaafurðin áþreypfanlegt listaverk sem á að standa um ókomin ár mönnum og börnum til gleði. Ávinningur samfélagsins verður auk samkenndar sá að fleiri leggja leið sína í fjörðinn til að bera kusuna augum og skilja með því eftir aukna fjármuni í samfélaginu.
Upphaf og lok verkefnis	1. júní 2020 hefst hönnunarvinna og leit eftir réttum efnivið hjá sveitungum og sveitarfélagi. Áætlað er að smíði fari í gang haustið 2020 og standi yfir allan veturinn. Stefnt er á að kusa verði vígð 5. ágúst 2021 í tengslum við Handverkshátíðina í Hrafnagili.
Heildarkostnaður (pr. ár á verkefnatíma)	3.925 milljónir er áætlaður heildarkostnaður við hönnun, efniskaup, smíði og uppsetningu á kusunni. Að auki þarf að leggja í töliverðan kostnað við að útbúa aðkomu og áningasvæði við listaverkið. Hefur sveitarfélagið tekið jákvætt í að sjá um þennan hluta verkefnisins. Þá má áætla að kostnaður annarra þátttakenda á svæðinu við sín eigin verk verði einnig umtalsverður.
Framlag úr sóknaráætlun (árið 2020 og á hverju ári eftir það, ef við á)	Sótt er um 1.625 milljónir í aukaúthlutun Sóknaráætlunar.
Mótframlag (ef við á)	Sótt er um 1.15 milljón til Ferðamála- iðnaðar- og nýsköpunarráðherra Sótt er um 1,15 milljón til Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	